

668. fundur haldinn miðvikudaginn 10. ágúst 2005 kl. 11:30
í Gimli.

Mætt:

Einar Kristinn Guðfinnsson formaður
Pétur Rafnsson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Íslands
Gunnar Sigurðsson fulltrúi Sambands ísl. Sveitarfélaga
Felix Bergsson varafulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga
Steinn Lárusson fulltrúi SAF
Anna Sverrisdóttir varafulltrúi SAF
Helga Haraldsdóttir, samgönguráðuneyti
Ársæll Harðarson forstöðumaður
Magnús Oddsson, ferðamálastjóri

1. Fundargerð 667. fundar:

Afgreiðsla: Samþykkt.

2. Erindi Ferðapjónustu bænda:

Í erindinu er þess óskað að Ferðamálaráð staðfesti gæðaflokkunarkerfi sem Ferðapjónusta bænda hefur byggt upp fyrir sína gististaði

Afgreiðsla: Ráðið telur ekki mögulegt að staðfesta af þess hálfu önnur kerfi Horesta en kerfið sem hefur verið staðfært og í umsjón ráðsins.

Samþykkt var að leita til Horesta og kanna hvort möguleiki væri á að útfæra kerfið í þá veru sem FB óskar innan gildandi samnings við Horesta

3 Ferðamálaráðstefnan 2005:

Farið yfir stöðu mála og kynnt dagskrá í samræmi við umræður á síðasta fundi.

4 Nokkrar fréttir liðinna vikna:

Ferðamálastjóri fór yfir og kynnti fréttir frá Ferðamálaráði, sem hafa birst á undanförunum vikum.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 12:45